

LÖG**um breyting á útvarpslögum, nr. 68/1985.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 24. gr. laganna bætist ný mgr. svohljóðandi:

Í reglugerð má ákveða að þeir, sem hljóta uppbót á elli- og örorkulífeyri samkvæmt 19. gr. laga um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum, verði undanþegnir afnotagjöldum. Í reglugerð má einnig ákveða undanþágu blindra manna frá greiðslu afnotagjalds af hljóðvarpi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. maí 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

LÖG**um breytingu á lögum nr. 54 frá 6. apríl 1971,
um Innheimtustofnun sveitarfélaga.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Nú greiðir barnsfaðir (meðlagsskyldur) ekki meðlag innan eins mánaðar frá því meðlagskrafa féll í gjalddaga samkvæmt ákvæðum yfirvaldsúrskurðar eða skilnaðarbréfs og skal hann þá greiða dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Dráttarvextir skulu vera þeir sömu og hjá innlánsstofnunum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 6. maí 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Alexander Stefánsson.